



Sjálfsmatsskýrsla
Menntaskólans í Reykjavík
2015 - 2016

Gæðastjóri

Eydís Ýr Guðmundsdóttir

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
1.1	Stefnuskrá, markmið og leiðir	1
2.	Sjálfsmat	3
2.1	Síðastliðin ár	3
2.2	Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2015- 2016	3
2.2.1	Samantekt jólaþróa	3
2.2.2	Kennslukönnun	4
2.2.3	Starfsfólk, liðan, þarfir og starfsandi	9
2.2.4	Skólanámskrá	11
2.2.5	Umbótaáætlun	11
2.3	Annað	13
3.	Lokaorð	14

1. Inngangur

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 ber hverjum skóla að meta skólafarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Tilgangurinn með matinu er stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun í starfsemi skólans með langtíma ávinning að leiðarljósi. Með skólafarfinu er átt við stjórnun skólasamfélagsins, kennslu og aðra þjónustu innan skólans en einnig ytri tengsl við önnur skólastig og nærsamfélagið. Enn fremur er leitast við að gera skólafarfið sýnilegra fyrir foreldra og aðra hlutaðeigandi.

Sjálfsmatsskýrslur MR fyrir sjö síðastliðin ár má kynna sér á heimasíðu skólans. Árlega er sett fram skipulögð rammaáætlun um þá þætti skólafarfsins sem metnir verði næstu fimm árin. Kannanir og rannsóknir eru framkvæmdar, niðurstöður greindar, aðgerðir til úrbóta eru lagðar fram og þeim fylgt eftir með aðgerðaáætlun.

Að sjálfsgöðu sýnir sjálfsmatsskýrslan aðeins hluta af öllu því starfi sem fer fram innan veggja skólans en árlegt sjálfsmat gerir starfsfólki kleift að sjá svart á hvítu það sem vel er gert og einnig það sem miður fer. Þá er hægt að finna leiðir til úrbóta og gera skólann betri.

Í Menntaskólanum í Reykjavík er gæðanefnd skipuð rektor, konrektor, fulltrúum fagstjóra, kennslustjóra og gæðastjóra. Tveir þeir síðast töldu skipuleggja og stýra sjálfsmati skólans.

1.1 Stefnuskrá, markmið og leiðir

Menntaskólinn kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Stuðlað er að því að nemendur taki ábyrga afstöðu til jafnréttis, mannréttinda og umhverfismála og einnig er leitast við að gera nemendur meðvitaða um ábyrgð allra á sjálfbærum lifnaðarháttum.

Skólinn er bóknámsskóli og því er aðalmarkmið skólans að nemendur séu vel undirbúnir til að takast á við háskólanám hvort heldur er innan lands eða utan að loknu stúdentsprófi.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að gera nemendum ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem og samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur kapp á að kynna nemendum sínum menningarverðmæti á sviði bókmennta, erlendra tungumála og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi. Skólinn leggur áherslu á vísindalæsi nemenda og hefur vel útbúna aðstöðu til verklegar þjálfunar á því sviði.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem upplýsingatæknin býður upp á.

Skólinn mun einnig á markvissan hátt leitast við að gera nemendur sína vel búna undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi sem og að kynna fyrir þeim kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins, atvinnuhætti, samfélagsskipan svo og fjármálaskyldur, einstaklingsskyldur og réttindi.

Í fjölbreyttu félagsstarfi leitast skólinn við að efla félagsþroska og jafnréttisvitund nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljósi.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur áherslu á heilbriggt lífni og vinnur í anda heilsueflandi framhaldsskóla í samvinnu við embætti landlæknis. Markmiðið er að stuðla markvisst að líkamlegu og andlegu heilbrigði nemendanna. Boðið er upp á fræðslu og námskeið til að stuðla að bættri sjálfsmýnd og mótuneyti nemanda býður upp á hollan mat í hádeginu.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut.

Í samræmi við þann samning hefur skólinn kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og tekið virkan þátt í því verkefni að sporna gegn brottfalli. Þar má nefna aukna námsráðgjöf, öflugt starf umsjónarkennara og framboð. Þetta framtak hefur tekist afar vel og teljast brottfallsnemendur skólans vera á bilinu 0-1% samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar en í meðfylgjandi töflu kemur fram hversu mjög námsframvinda nemenda skólans hefur batnað á undanförunum árum:

Haust	Innritun	Fjöldi í vorpróf	Fall á prófum	%	Hætta í MR eða falla á árinu	%
2001	747	712	62	8,70%	97	13,00%
2002	779	757	88	11,60%	110	14,10%
2003	814	785	47	6,00%	76	9,30%
2004	840	826	53	6,40%	67	8,00%
2005	850	825	23	2,80%	48	5,60%
2006	865	852	65	7,60%	78	9,00%
2007	877	861	45	5,20%	61	7,00%
2008	853	845	41	4,90%	49	5,70%
2009	908	891	44	4,90%	58	6,40%
2010	876	863	47	5,40%	60	6,85%
2011	894	863	47	5,40%	78	8,72%
2012	919	910	54	5,90%	63	6,86%
2013	897	867	44	5,07%	74	8,25%
2014	903	877	42	4,79%	68	7,53%
2015	871	851	46	5,41%	66	7,58%
2016	850					

Í upphafi skólaárs 2015-16 voru innritaðir nemendur 871, þar af voru 159 eða 18% á málabraut og 712 eða 82% á náttúrufræðibraut. Þetta er svipuð skipting og undanfarin ár. Kynjaskipting er stúlkunum í vil en við skólann voru 59% nemenda stúlkur og 41% piltar. Í vor voru 206 stúdentar brautskráðir frá skólanum.

Skólaárið 2015-16 voru starfsmenn skólans 96, þar af 75 kennarar, 3 yfirstjórnendur (þeir sinntu einnig kennslu), 1 skrifstofustjóri, 2 námsráðgjafar, 2 bókasafnsfræðingar, 2 á skrifstofu en annar þeirra er einnig bókasafnsfræðingur, 1 umsjónarmaður fasteigna, 1 með umsjón viðhalds, 1 með umsjón mötuneytis, 1 hjúkrunarfræðingur, 2 með sérverkefni (umsjón heimasíðu og umsjón með námskerfi) og 6 með ræstingar. Kynjaskipting var nokkuð jöfn í starfsmannahópnum, 54 konur og 42 karlar.

Menntunarstig kennara er hátt en 5 þeirra eru með doktorspróf og 44 með meistaraþróf. Einn leiðbeinandi var með undanþágu til kennslu veturinn 2015-2016 og 11 aðrir voru án kennsluréttinda og kenndu þeir 6 vikustundir eða færri.

2. Sjálfsmat


2.1 Síðastliðin ár

Á síðastliðnum árum hefur sjálfsmat MR verið í stöðugri þróun. Ákveðnir matsþættir fara fram á hverju ári. Þessir þættir eru samantektir á niðurstöðum jólaþróa og rafræn kennslukönnun, sem tekur ekki aðeins fyrir kennslu, kennsluhætti og námsefni, heldur einnig aðra þætti úr starfi skólans og eru efnistöð þess hluta könnunarinnar breytileg á milli ára. Skólaárið 2015-2016 sneri hún að aðbúnaði nemenda við skólann og einnig var lögð könnun fyrir kennara um aðbúnað og álag í starfi. Starfendakannanir eru gerðar reglulega en skólaárið 2015-2016 var því miður engin starfendarannsókn gerð, en úr því verður bætt á næsta ári. Undanfarin ár hafa rafrænar viðhorfskannanir verið sendar til forráðamanna nýnema og nemenda í 4. bekk og samkvæmt áætlun verður það gert veturinn 2016-2017. Þegar rannsóknir þessar voru undirbúnar var stuðst við ákveðið vinnuferli og starfshópar völdu hæfilegar matsspurningar. Sett voru viðmið og gögnin síðan greind og túlkuð. Þess er gætt að líta til veikra og ekki síður sterkra hliða niðurstöðu könnunar. Loks er umbótaáætlun sett fram þar sem þurfa þykir.

2.2 Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2015 - 2016

2.2.1 Samantekt jólaþróa

Niðurstöður jólaþróa voru teknar saman og kynntar á kennarafundi í janúar.



Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekkji í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Umsjónarkennarar notuðu svo niðurstöður jólaþróa og samantektina þegar þeir tóku einstaklingsviðtöl við umsjónarnemendur sína. Viðtölin eru framkvæmd a.m.k. einu sinni á misseri og á vormisseri er jólaþróaárangur nemenda sérstaklega skoðaður en þá er þeim, sem ekki hefur gengið sem skyldi, veitt sérstök ráðgjöf og reynt að beina þeim á rétta braut. Kennarar innan greina hittast reglulega og fara yfir námsaðferðir, námsgögn, próf, ræða árangur einstakra nemenda og finna leiðir til úrbóta. Sem dæmi um úrbætur má nefna aukatíma og stoðtíma í ýmsum greinum auk stoðkerfis fyrir nemendur með lestrarörðugleika, kvíðaröskun og nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku.

2.2.2 Kennslukönnun

Í apríl 2016 var gerð kennslukönnun meðal nemenda skólans. Síðastliðin fimm ár hefur könnunin verið gerð rafrænt og var sami háttur hafður á að þessu sinni. Könnunin er viðhorfskönnun og er venjulega í tveimur hlutum. Árið 2016 var fyrri hluti könnunarinnar um kennslu og viðhorf til kennara en sá síðari var um aðbúnað nemenda.

Niðurstöður kennslukönnunar

Eftirfarandi töflur sýna svör nemenda við spurningum könnunarinnar. Einnig gáfu nemendur kennurum sínum einkunn á skalanum 1 til 10.

Fjöldi þátttakenda í I. hluta könnunarinnar var 768 sem er 90,03% svarhlutfall.

Samantekt viðhorfskönnunar í I. hluta kennslukönnunar er svohljóðandi:

Samantekt um kennara	Mjög góður	Frekar góður	Í meðallagi	Frekar slæmur	Mjög slæmur	Fjöldi
1. Hvernig er undirbúningur kennarans fyrir kennslustundir?	4759	1829	823	233	90	7734
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
2. Hversu vel útskýrir kennarinn námsefnið?	4037	2010	1000	455	224	7726
3. Hvernig bregst kennarinn við spurningum um námsefnið?	4939	1576	818	269	120	7722
	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægður	Í meðallagi	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
4. Ertu ánægð(ur) með samskiptin við kennarann?	4334	1811	1026	360	192	7723
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
5. Tekst kennaranum að virkja nemendur í kennslustundum?	3044	2216	1485	628	345	7718
6. Tekst kennaranum að halda uppi góðum aga í bekknum?	3419	2361	1346	422	168	7716

	Mjög oft	Frekar oft	Í meðallagi	Frekar sjaldan	Mjög sjaldan	Fjöldi
7. Skráir kennarinn skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu?	3875	1026	1253	244	1035	7433
8. Birtir kennarinn einkunnir fyrir skyndipróf og stærri verkefni á Námsnetinu?	2268	803	1679	493	2120	7363
	Alltof mikið	Of mikið	Hæfilegt	Ekki nógu mikið	Alltof lítið	Fjöldi
9. Finnst þér vinnuálagið í námsgreininni vera of mikið eða of lítið?	383	1015	5835	371	105	7709
	Mikil	Hæfileg	Of lítil	Alltof lítil	Engin	Fjöldi
10. Tengsl heimavinnu við námsefnið eru:	3049	3813	285	71	383	7601
Samtals	34107	18460	15550	3546	4782	76445

Við nánari samantekt á framangreindri viðhorfskönnun kemur eftirfarandi í ljós:

1. 85% telja undirbúning kennarans fyrir kennslustundir mjög góðan eða frekar góðan en 10,6% telja hann vera í meðallagi góðan.
2. 78% telja kennarann útskýra námsefnið mjög vel eða frekar vel en 12% telja útskýringar vera í meðallagi góðar.
3. 84,3% eru telja kennarann bregðast mjög vel eða frekar vel við spurningum um námsefnið en 10,6% telja hann bregðast í meðallagi vel við.
4. 79,5% eru mjög ánægð eða frekar ánægð með samskiptin við kennarann en 13% eru í meðallagi ánægð.
5. 68% telja að kennaranum takist mjög vel eða frekar vel að virkja nemendur í kennslustundum en 19% telja að það takist í meðallagi.
6. 75% telja að kennaranum takist mjög vel eða frekar vel að halda uppi góðum aga í bekknum en 17,5% telja að það takist í meðallagi.
7. 66% eru telja að kennarinn skrái mjög oft eða frekar oft skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu en 17% telja að það takist í meðallagi.
8. 42% telja að kennarinn birti mjög oft eða frekar oft einkunnir fyrir skyndipróf og stærri verkefni á Námsnetinu, 23% telja að það takist í meðallagi en 35% telja kennarann gera það frekar sjaldan eða mjög sjaldan.
9. 18% telja vinnuálag í viðkomandi grein vera alltof mikið eða of mikið, 76% telja það hæfilegt en 6% telja það ekki nógu mikið eða alltof lítið.
10. 90% telja tengsl heimavinnu við námsefnið vera mikil eða hæfileg.

Af þessari samantekt má sjá að meirihluti nemenda er mjög ánægður eða ánægður með kennara sína og nám almennt. Útkoman er ívið betri en síðastliðið ár og er nokkurn veginn samkvæmt viðmiði sem var að æskilegt væri að 90% nemenda væru mjög ánægðir, ánægðir og í meðallagi ánægðir með verklag kennara sinna.

Eins og á síðasta ári eru liðir 7 og 8 sem þarfnast frekari athugunar en þó hefur aðeins þokað í rétta átt.

- 66% telja kennara skrá mjög oft eða frekar oft skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu en 17% telja að það takist í meðallagi.
- 42% telja kennara birta mjög oft eða frekar oft einkunnir á Námsnetinu en 23% telja að það sé í meðallagi.

Svo virðist sem Námsnetið sé aðeins meira notað af kennurum en síðastliðin ár og mun gæðastjóri og rektor halda áfram að hvetja fagstjóra til dáða með því að senda áminningar á alla kennara. En þarna má enn bæta um betur.

Nemendur gáfu kennurum sínum einkunn á bilinu 1-10. Meðaltal einkunna var **8,20**.

24 kennarar eða 30,5% fengu ágætiseinkunn.

41 kennari eða 52% fengu I. einkunn.

9 kennarar eða 11,5% fengu II. einkunn.

4 kennarar eða 5% fengu III. einkunn.

1 kennari eða 1% fékk falleinkunn.

Viðmiðið var að 80% kennara fengju ágætis eða I. einkunn og er því marki náð.

II. hluti könnunarinnar laut að aðbúnaði nemenda við skólann og var sami háttur hafður á og í I. hlutanum.

Fjöldi þátttakenda í II hluta könnunarinnar, Aðbúnaður nemenda, var 574 nemendur. Niðurstöður eru svohljóðandi:

	Millibyggingu Casa Nova og Elísabetarhúss	Casa Nova	Casa Christi	Fjósínu	Gamla skóla	Fjöldi
1. Í hvaða húsi er heimastofa þín (eða sú stofa sem þú ert oftast í)?	19	135	164	30	195	543
	Mjög góð	Frekar góð	Sæmileg	Frekar léleg	Mjög léleg	Fjöldi
2. Hvernig eru húsgögnin í stofunni (borð og stólar)?	110	200	172	66	20	568
	Mjög góð	Frekar góð	Sæmileg	Frekar léleg	Mjög léleg	
3. Hvernig er lýsing í stofunni þinni?	174	221	122	41	14	572
	Mjög góð	Góð	Sæmileg	Slæm	Mjög slæm	
4. Hvernig eru myndgæði úr skjávarpa?	207	238	100	18	6	569
	Mjög vel	Frekar vel	Sæmilega	Frekar illa	Mjög illa	
5. Sérðu vel á töfluna og skjávarpa í stofunni þinni?	219	218	94	29	13	573
	Mjög góð	Frekar góð	Sæmileg	Frekar slæm	Slæm	
6. Hvernig eru loftgæði í stofunni að þínu mati?	63	89	110	116	195	573

	Mjög góður	Frekar góður	Sæmilegur	Frekar slæmur	Slæmur	
7. Hvernig er hljómburður í stofunni að þínu mati?	151	208	156	35	20	570
	Mjög góð	Frekar góð	Sæmileg	Frekar slæm	Slæm	
8. Hvernig eru hljómgæði úr hátölurum?	140	194	159	50	28	571
	Mjög mikið	Frekar mikið	Af og til	Sjaldan	Aldrei	
9. Er hljóðbært í stofunni, þ.e. heyrast hljóð á milli stöfa?	117	115	213	85	43	573
	Mjög góð	Frekar góð	Sæmileg	Frekar slæm	Slæm	
10. Hvernig er salernisaðstaða í húsinu þar sem heimastofan þín er?	134	169	143	65	58	569
	Mjög góð	Frekar góð	Sæmileg	Frekar slæm	Slæm	
11. Hvernig er veitingaaðstaða nemenda?	127	201	157	53	23	561
	Of hátt	Frekar hátt	Sanngjarnt	Lágt		
12. Hvernig finnst þér verðlag á veitingum í Kakólandi?	71	256	238	3		568
	Góð	Frekar góð	Sæmileg	Slæm	Mjög slæm	
13. Hvernig finnst þér félagsaðstaða nemenda vera?	176	213	142	32	6	569

Við nánari samantekt á framangreindri könnun kemur eftirfarandi í ljós:

1. **Spurning varðandi heimastofu**

Því miður hefur þarna dottið út í meðhöndlun á gögnum könnunar ein af byggingum skólans, Elísabetarhús.

2. **Spurning varðandi húsgögn**

55% nemenda telja húsgögn vera mjög góð eða frekar góð, 30% telja þau vera sæmileg og 15% telja þau frekar léleg eða mjög léleg.

3. **Spurning varðandi lýsingu**

69% nemenda telja lýsingu vera mjög góða eða frekar góða, 21% telja hana vera sæmilega og 10% telja hana vera frekar lélega eða frekar lélega.

4. **Spurning varðandi myndgæði úr skjávarpa**

78% nemenda telja myndgæði vera mjög góð eða góð, 18% telja þau vera sæmileg og 4% telja þau vera slæm eða mjög slæm.

5. **Spurning varðandi hversu vel nemandi sér á töflu og skjávarpa**
77% nemenda telja sig sjá mjög vel eða frekar vel, 16% sæmilega og 7% frekar illa eða mjög illa.
6. **Spurning varðandi loftgæði**
27% telja loftgæði mjög góð eða frekar góð, 19% telja þau vera sæmileg og 54% telja þau vera frekar slæm eða slæm.
7. **Spurning varðandi hljómburð**
63% telja hljómburð mjög góðan eða frekar góðan, 27% telja hann vera sæmilegan og 10% telja hann vera frekar slæman eða slæman.
8. **Spurning varðandi hljómgæði úr hátölurum**
58% telja þau vera mjög góð eða frekar góð, 28% telja þau sæmileg og 14% telja þau vera frekar slæm eða slæm.
9. **Spurning varðandi hljóðbærni**
41% telja mjög eða frekar hljóðbært, 37% telja það vera af og til og 22% telja sjaldan eða aldrei hljóðbært.
10. **Spurning varðandi salernisaðstöðu**
53% telja salernisaðstöðu vera góða eða frekar góða, 25% telja hana sæmilega og 22% telja hana vera frekar slæma eða slæma.
11. - 12. **Spurningar varðandi veitingaaðstöðu**
58% telja veitingaaðstöðu góða eða frekar góða, 28% telja hana vera sæmilega og 14% telja hana vera frekar slæma eða slæma.
57,5% telja verð á veitingum of hátt eða frekar hátt og 42,5% telja verð vera sanngjarnt eða lágt.
13. **Spurning varðandi félagsaðstöðu**
68% telja félagsaðstöðu vera góða eða frekar góða, 25% telja hana sæmilega og 7% telja hana vera slæma eða mjög slæma.

Niðurstaða:

Því miður var þessi könnun gölluð að hluta til þar sem eitt hús skólans féll burt í meðhöndlun könnunarinnar (spurning 1). Verður hún því endurtekin á næsta ári.

Af þessari samantekt sést samt að 30% nemenda telja húsgögn skólans vera sæmileg (spurning 2). Meirihluti nemenda (54%) telja loftgæði vera frekar slæm eða slæm (spurning 6) og mjög margir (41%) telja mjög eða frekar hljóðbært í kennslustofunum (spurning 9). Meirihluti nemenda (57,5%) telur verð á veitingum of hátt eða frekar hátt (spurning 12).

Á undanförunum árum hafa húsgögn verið endurnýjuð smátt og smátt eftir efnun og aðstæðum, stendur það ferli enn yfir. Búið er að endurnýja húsgögn í öllum byggingum nema í nokkrum stofum í Gamla skóla og hefur skólinn notið styrkja frá foreldrafélagi skólans og afmælisárgöngum. Gert er ráð fyrir að búið verði að endurnýja öll húsgögn skólans á næsta ári.

Hvað varðar loftgæði, þá er það staðreynd að Menntaskólinn í Reykjavík býr við húsakost sem er að hluta til gamall og erfitt er í sumum stofum að viðhalda góðu lofti. Kennarar og starfsfólk eru meðvituð um þetta vandamál og hafa kennarar og nemendur verið og verða minntir á að hafa opna glugga og dyr í frímínútum og þá sérstaklega í eldri húsunum. Stjórnendur Menntaskólans í Reykjavík hafa látið rannsaka loftgæði og kom sú athugun vel

út. Því miður misförst einnig við vinnslu gagna að flokka svör eftir húsum, en það getur haft mikið að segja varðandi túlkun gagna.

Það sama gildir um hljóðbærni milli stofa og þá sérstaklega í Gamla skóla og Casa Christi. Kennarar og starfsfólk eru meðvituð um þetta vandamál og hafa kennarar og nemendur verið og verða minntir á að stilla ekki hátalara of hátt í kennslustundum.

Varðandi verðlag veitinga verður þeim upplýsingum komið áfram til rekstraraðila.

Hvað varðar aðra þætti þessarar könnunar þá eru svör með svipuðu sniði og áður og eru viðunandi.

2.2.3 Starfsfólk, líðan, þarfir og starfsandi

Viðhorfskönnun starfsfólks við Menntaskólann í Reykjavík

Líðan kennara, starfsandi og samstarf skiptir miklu máli í almennu skólastarfi. Eins og árið 2015 var í febrúar 2016 lögð könnun fyrir kennara skólans þar sem þessi atriði voru könnuð. Eins og þá var stuðst við forritið Questionpro.com. Könnunin var opin í þrjár vikur, 49 kennarar tóku þátt eða 82%.

	Mjög góð	Góð	Sæmileg	Frekar slæm	Mjög slæmlæm
1. Hvernig eru tengsl þín við samkennara þína?	57%	37%	6%	0%	0%
2. Hvernig eru tengsl þín við starfsfólk skólans?	57%	35%	8%	0%	0%
3. Hvernig eru tengsl þín við nemendur skólans?	55%	41%	4%	0%	0%
	Já	Nei	Veit ekki		
4. Hefur þú tækifæri til að taka þátt í mótun framfara innan skólans?	65%	20%	14%		
5. Finnur þú fyrir hvatningu til þátttöku við gerð námskrár?	69%	13%	19%		
	Mjög góð	Góð	Sæmileg	Frekar slæm	Mjög slæm
6. Hvernig er vinnuaðstaða þín?	49%	16%	29%	2%	0%
	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Í meðallagi ánægð(ur)	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
7. Ertu ánægð(ur) í starfi þínu?	63%	24%	10%	2%	0%
	Já, alltaf	Oft	Af og til	Sjaldan	Aldrei
8. Finnur þú fyrir álagi í starfi þínu?	25%	50%	17%	6%	2%
9. Getur þú stýrt sjálf(ur) álaginu?	6%	55%	35%	4%	0%
	Mjög sátt(ur)	Frekar sátt(ur)	Í meðallagi sátt(ur)	Frekar ósátt(ur)	Mjög ósátt(ur)
10. Ertu sátt(ur) við fyrirkomulag vinnutímans?	37%	51%	8%	2%	2%

Við nánari samantekt á framangreindri könnun kemur eftirfarandi í ljós:

1. Hvernig eru tengsl þín við samkennara þína?

Niðurstaða: 94% segja tengslin vera mjög góð eða góð en 6% segja þau vera sæmileg.

2. Hvernig eru tengsl þín við starfsfólk skólans?

Niðurstaða: 92% segja tengsl við starfsfólk skólans vera mjög góð eða góð en 8% segja þau vera sæmileg.

3. Hvernig eru tengsl þín við nemendur skólans?

Niðurstaða: 96% segja tengsl við nemendur vera mjög góð eða góð og 4% segja þau vera sæmileg.

4. Hefur þú tækifæri til að taka þátt í mótun framfara innan skólans?

Niðurstaða: 65% segjast hafa tækifæri til að taka þátt í mótun framfara innan skólans, 20% segjast ekki hafa til þess tækifæri og 14% vita það ekki.

5. Finnur þú fyrir hvatningu til þátttöku við gerð námskrár?

Niðurstaða: 69% segjast hvatt til þátttöku, 13% segir að svo sé ekki og 19% veit það ekki.

6. Hvernig er vinnuaðstaða þín?

Niðurstaða: 65% telja hana vera mjög góða eða góða, 29% segja hana vera sæmilega og 2% frekar slæma.

7. Ertu ánægð(ur) í starfi þínu?

Niðurstaða: 87% eru mjög eða frekar ánægð í starfinu, 10% segjast vera í meðallagi ánægð og 2% eru frekar óánægð.

8. Finnur þú fyrir álagi í starfi þínu?

Niðurstaða: 75% segja alltaf eða oft, 17% af og til og 8% sjaldan eða aldrei.

9. Getur þú stýrt sjálf(ur) álaginu?

Niðurstaða: 61% segjast alltaf eða oft geta stýrt álaginu en 39% segja af og til eða sjaldan og 2% segjast aldrei geta stýrt því.

10. Ertu sátt(ur) við fyrirkomulag vinnutímans?

Niðurstaða: 88% segjast mjög eða frekar sátt við fyrirkomulagið, 8% eru í meðallagi sátt en 4% eru frekar ósátt eða mjög ósátt.

Ef nánar er rýnt í niðurstöður sést að kennarar hafa ágæt tengsl við samkennara, starfsfólk, nemendur skólans, eru almennt ánægðir í starfi og sáttir við fyrirkomulag vinnutímans og vinnuaðstöðu (spurningar 1, 2, 3, 6, 7 og 10). Tölur eru 88% - 96% og er viðmiði sem var 90% að mestu náð og í samræmi við það sem verið hefur undanfarin ár.

Eins og í fyrri könnunum eru ekki jafn margir sammála þegar kemur að mótun framfara og þátttöku við gerð námskrár. (Spurningar 4 og 5). Þar koma fram tölurnar 65% og 69% og er viðmiði ekki náð en það var 70%.

75% kennara telja álag í starfi vera til staðar alltaf eða oft en 61% segist alltaf eða oft geta stýrt því (spurning 8 og 9). Kennarastarfinu fylgir óhjákvæmilega álag, því verður ekki neitað. Til að draga úr streitu meðal kennara og nemenda voru haldin námskeið í núvítund veturinn 2015-2016. Til stendur að kanna álag og áhrif þess betur meðal kennara næsta vetur og mun

gæðastjóri ásamt hjúkrunarfræðingi og námsráðgjöfum annast þá rannsókn. Erfitt er að setja markmið í þessu efni og var það ekki gert þetta árið.

2.2.4 Skólanámskrá

Skólanámskrá MR miðað við fjögurra ára nám til stúdentsprófs hefur legið fyrir í nokkur ár. Skólaárið 2015-2016 hófst vinna við að útfæra námskrána miðað við þriggja ára nám til stúdentsprófs. Laugardaginn 14. nóvember 2015 var haldinn vinnufundur kennara þar sem unnið var að breytingum á námskránni. Nokkuð misjafnt var hversu langt einstaka kennarar komust með þá vinnu en skólanámskráin var að fullu tilbúin í febrúar 2016. Þá hófst vinna ritstjóra skólanámskrár við að slá nýju áfangalýsingarnar inn í gagnagrunn Menntamálastofnunar. Þeirri vinnu lauk á vordögum og í kjölfarið hófst vinna við að skilgreina námsbrautir til stúdentspróf í sama gagnagrunni. Það verk hefur farið fram í samvinnu við starfsmenn Menntamálastofnunar. Enn á eftir að klára endanlega uppsetningu námsbrautanna í gagnagrunninum. Fyrir séð er að þeirri vinnu verði lokið á haustmisseri 2016 og í kjölfarið verði sótt um staðfestingu á hinum nýju námsleiðum til stúdentsprófs.

2.2.5 Umbótaáætlun

1. Í viðhorfshluta kennslukönnunar, sem fjallar einkum um kennslustundir og heimanám, kemur fram að flest atriðin sem spurt er um hafa fengið jákvætt mat nemenda, svipað eða jákvæðara mat en fyrir ári síðan og einnig fengu kennarar góða einkunn frá nemendum en meðaltal einkunna var **8,20**.

Á undanförunum árum hefur verið kannað meðal nemenda hvort þeir telji kennara nota námsnetið. Svo virðist sem námsnetið sé aðeins meira notað af kennurum og munu gæðastjóri og rektor halda áfram að hvetja fagstjóra til dáða með því að senda áminningar á alla kennara. En þarna má enn bæta um betur (sjá aðgerðaáætlun).

2. Í könnuninni um aðbúnað nemenda, kemur í ljós að 30% nemenda telja húsgögn vera sæmileg, mjög margir nemendur skólans telja loftgæði vera frekar slæm eða slæm og mjög eða frekar hljóðbært í kennslustofunum. Einnig telur meirihluti nemenda verð á veitingum of hátt eða frekar hátt.

Eins og áður segir þá er búið að endurnýja húsgögn í flestum byggingum skólans og er áætlað að þeirri endurnýjun verði lokið á næsta ári. Slök loftgæði og hljóðbærni eru staðreyndir í eldri byggingum skólans og verða kennarar minntir á að lofta vel út og stilla hljóði hátalara í hof (sjá aðgerðaáætlun).

Hvað varðar hátt verð á veitingum, þá verður þeim upplýsingum komið áfram til rekstraraðila.

3. Í viðhorfskönnun starfsfólks, Starfsfólk, líðan, þarfir og starfsandi, sést að kennarar Menntaskólans í Reykjavík eru í góðu sambandi við samkennara, starfsfólk og nemendur. Þeir eru sáttir við fyrirkomulag vinnutíma og eru almennt ánægðir í starfi. Niðurstöður þessar eru svipaðar og skólaárið 2014-2015.

Eins og í fyrri könnunum eru ekki jafn margir sammála þegar kemur að mótun framfara, þátttöku við gerð námskrár.

Það sem sérstaka athygli vekur er hversu margir kennarar telja álag vera mikið. 75% kennara telja álag í starfi vera til staðar alltaf eða oft en 61% segist þó alltaf eða oft geta stýrt því. Til stendur að kanna álag og áhrif þess betur meðal kennara næsta vetur og mun gæðastjóri ásamt

hjúkrunarfræðingi og námsráðgjöfum annast þá rannsókn. Erfitt er að setja markmið í þessu efni og var það ekki gert þetta árið (sjá aðgerðaáætlun).

Aðgerðaráætlun frá 2015-16

Atriði sem þarf að laga	Ábyrgð	Hvenær?	Hvernig?	Hvernig tókst áætlunin?
1. Kennarar setji einkunnir á námsnetið	Gæðanefndin	Haust 2015	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.	Var gert og virðist hafa skilað dálitlum árangri.
2. Kennarar færi prófa- og skiladaga verkefna inn á námsnetið	Gæðanefndin	Haust 2015	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.	Var gert og virðist hafa skilað dálitlum árangri.
3. Mótun framfara, þátttaka við gerð skólanámskrár	Gæðanefndin	Haust 2015	Mynda rýnihóp sem skilar skýrslu vor 2016	Var ekki gert.
4. Álag í starfi	Gæðanefndin	Haust 2015	Rýnihópar. Niðurstöður könnunar 2014-15 greindar. Sérstök könnun lögð fyrir um þetta efni og tillögur til úrbóta settar fram 2016.	Var ekki gert en verður gert 2016-2017.

Aðgerðaráætlun 2016-1-2017

Atriði sem þarf að laga	Ábyrgð	Hvenær?	Hvernig?
1. Kennarar setji einkunnir á námsnetið	Gæðanefndin	Haust 2016 og vor 2017	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.
2. Kennarar færi prófa- og skiladaga verkefna inn á námsnetið	Gæðanefndin	Haust 2016 og vor 2017	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.
3. Minna kennara á að lofta vel út úr kennslustofum	Gæðanefndin	Haust 2016 og vor 2017	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.
4. Minna kennara á að stilla hátalara ekki of hátt	Gæðanefndin	Haust 2016 og vor 2017	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.
5. Hvetja til starfendarannsókna	Gæðanefndin	Haust 2016 og vor 2017	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.
6. Kanna betur álag í starfi	Gæðastjóri, námsráðgjafar og hjúkrunarfræðingur	Haust 2016	Gæðastjóri, námsráðgjafar og hjúkrunarfræðingur gera könnun sem lögð verður fyrir kennara vor 2017

2.3 Annað

1. Ytra mat

Gerð var ytri úttekt á Menntaskólanum í Reykjavík 2016 og annaðist Menntamálastofnun úttektina fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Heildarniðurstöður voru þessar:

„Markmið, stefna og framtíðarsýn skólans endurspeglast í starfsháttum hans. Viðtækt samráð er við kennara og annað starfsfólk um stefnumótun. Aðkoma foreldra að stefnumótun er fyrst og fremst í gegnum fulltrúa í skólaráði en engin formleg aðkoma nemenda er að mótun stefnu skólans.

Rektor nýtur mikils trausts skólasamfélagsins sem faglegur stjórnandi og leiðtogi. Stjórnendateymi, það er rektor, konrektor og kennslustjóri, nýtur almenns trausts, aðgengi er gott að stjórnendum og verkaskipting þeirra er öllum ljós.

Innra mat skólans nær til allra mikilvægra þátta skólastarfsins. Frekari markmið í skólasamningi sem gildir til loka 2016 hafa nær öll náð fram að ganga. Tengja þarf betur mat á fjölbreyttum markmiðum sem skóli setur sér við innra mat skólans og sjá til þess að niðurstöður innra mats séu kynntar öllum aðilum skólasamfélagsins.

Meðal mikilvægari tækifæra skólans er að leita leiða til að auka þátttöku nemenda í ráðum og nefndum er snúa að námi og skipulagi skólastarfs.

Kennarar skólans eru mjög vel menntaðir og hafa þeir nær allir bæði fagmenntun og menntun í kennslufræði. Kennslustundir eru að mati nemenda vel skipulagðar. Góður vinnufriður og tími þeirra nýtist vel í kennslustundum.

Skólinn leitast við að huga að námi allra nemenda sinna, stoðtímar í nokkrum fögum standa nemendum til boða, hugað er að námi nemenda með annað móðurmál en íslensku, skimað er fyrir leshömlun og rýnt er í árangur nemenda á jólaprófum og brugðist við.

Skólabragur MR einkennist af umhyggju, metnaði og virðingu. Sterkar hefðir og gildi ríkja í skólastarfinu sem sátt ríkir um í skólasamfélaginu. Þó nefna nemendur að það bregði við að í skjóli hefða sé ekki hugað að eðlilegri þróun. Bekkjakerfi stuðlar að samstöðu meðal nemenda.

Mikil áhersla allra í skólasamfélaginu er á öflugt og fjölbreytt félagsstarf. Forsvarsmenn nemenda leggja áherslu á jafnrétti og lýðræði í störfum og vinna að því að uppræta óæskilegar venjur.

Við skólann starfar virkt foreldrafélag og er fundaðttaka nokkuð góð. Uppfæra þarf upplýsingar á heimasíðu s.s. um fundi og starfsemi foreldrafélags.

Skólahúsnæðið er að hluta til menningararfleifið sem hefðir og andi menntunar setja sterkan svip á.

Mjög margt er óásættanlegt eða ófullnægjandi í húsnæðismálum skólans, svo sem íþróttaaðstaða, aðstaða nemenda til félagsstarfa og mötuneytisaðstaða nemenda og starfsfólks. Starfsmenn og nemendur leggja sig fram um að láta skólastarf ekki gjalda slæms aðbúnaðar.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti þarf að setja í forgang að koma húsnæði skólans í það horf sem hæfir starfseminni sem fyrst.

Nemendur MR sýna ásættanlegar framfarir í námi og brottfall nemenda er innan markmiða skólasamnings. Reynt er að beina nemendum sem hætta í MR í annað nám. Langtímaárangur nemenda MR er ekki markvisst kannaður en í þeim rannsóknum sem hafa verið unnar og upplýsingum sem Kennslusvið Háskóla Íslands tekur saman ná nemendur MR góðum árangri á næsta skólastigi.

Æskilegt væri að mennta- og menningarmálaráðuneyti hlutaðist til um að greinargóðar upplýsingar um árangur og framvindu náms nemenda við háskóla á Íslandi væru skipulega teknar saman og gerðar opinberar þannig að framhaldsskólar gætu fylgst með langtímaárangri á því sviði."

2. Stofnun ársins

SFR stóð fyrir könnun um stofnun ársins 2016. Í þeirri könnun var spurt um atriði sem varða m.a. stjórnun, starfsanda, vinnuskilyrði, sjálfstæði í starfi, ánægju og stolt. Stofnunum var skipt niður eftir fjölda starfsmanna og lenti Menntaskólinn í Reykjavík í 8. sæti í flokki stofnana með 50 starfsmenn eða fleiri.

3. Starfsmannahandbók

Starfsmannahandbók MR var yfirfarin og prentuð óbreytt þetta ár.

4. Skólanámskrá

Áfram var haldið með gerð nýrrar skólanámskrár sem lýkur haust 2016.

3. Lokaorð

Í samræmi við lög um framhaldsskóla ber hverjum skóla að meta skólastarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Skólaárið 2015-2016 voru gerðar ýmsar rannsóknir á skólastarfinu í Menntaskólanum í Reykjavík. Þeim hefur verið gerð skil í þessari skýrslu. Matið hefur verið formlegt. Byrjað var á að setja niður rýnihópa haustið 2015 og tekin ákvörðun um viðfangsefni sjálfsmats fyrir skólaárið með áherslu á rammaáætlun sem gerð hefur verið til fimm ára í senn (sjá sjálfsmatsáætlun). Skipaðir voru starfshópar sem settu fram spurningar fyrir kennslukönnun og viðhorfskönnun til starfsfólks. Fagstjórar voru beðnir um að leggja fyrir starfendakannanir en árið 2015-16 var því miður engin slík könnun framkvæmd. Allar kannanir voru lagðar fyrir í þeim tilgangi að auka gæði náms, kennslu og stuðla að umbótum á ýmsum sviðum skólastarfsins.

Menntaskólinn í Reykjavík kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn er bóknámsskóli og því er lögð áhersla á að nemendur séu hæfir til að takast á við háskólanám hvort heldur er innan lands eða utan að loknu stúdentsprófi.